

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 18. desember 2020 í máli nr. 102/2020

Kæruneftndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 1. október 2020 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

II

Niðurstaða

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Nefndin tekur ekki til meðferðar ágreining sem heyrir ekki undir gildissvið framangreindra laga.

Í kvörtun kemur fram að sóknaraðili hafi haft samband við fyrirsvarsmann varnaraðila og óskað eftir þjónustu sem fólst í jarðvegsvinnu við uppgröft fyrir húsgrunn, flutning á jarðvegi, kaup á fyllingarefni og þjöppun á jarðvegi. Sóknaraðili kveðst hafa gert samning við varnaraðila um vinnu verksins á grundvelli upplýsinga frá varnaraðila um einingaverð sem viðskiptin byggja á. Samkvæmt þeim upplýsingum bæri sóknaraðila að greiða 60.000 krónur auk virðisaukaskatts fyrir uppgröft fyrir húsgrunn, flutning jarðvegs úr grunninum og flutning fyllingarefnis í sömu ferð til baka, svo og um 10.000 krónur auk virðisaukaskatts fyrir kaup á fyllingarefni í því magni sem kæmist á pall vörubifreiðarinnar í einni ferð. Að sögn sóknaraðila var ekki tekið fram af hálfu varnaraðila að greiða þyrfti fyrir vinnu við þjöppun jarðvegsins.

Ágreiningur málsins varðar þá greiðslu sem varnaraðili krefst fyrir vinnu verksins en greiðslukrafa varnaraðila er að fjárhæð 761.360 krónur. Sóknaraðili telur kröfuna of háa miðað við umfang verksins. Þá telur sóknaraðili að aðferð varnaraðila við vinnu verksins hafi skapað aukinn kostnað þar sem jarðvegur var fluttur af lóðinni jafnóðum og fyllingarefni ekki flutt til baka í sömu ferð. Við það urðu ferðirnar um það bil helmingi fleiri og fylgdi því nokkur viðbótarkostnaður auk viðbótarkostnaðar við þjöppun jarðvegs sem unnin var í tímavinnu. Hefur sóknaraðili greitt varnaraðila alls 310.000 krónur fyrir vinnuna og krefst þess að fallist verði á að um fullnaðargreiðslu sé að ræða.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála er markmið þeirra að tryggja neytendum aðgang að skilvirkri og faglegri málsmeðferð við lausn deilumála utan dómstóla. Lögin taka til ágreinings um samninga sem neytendur gera við seljendur um kaup á vöru eða þjónustu, þó ekki ágreinings sem er til meðferðar hjá dómstólum eða dómur hefur gengið um, sbr. 3. gr. laganna. Hlutverk kæruneftndar vöru- og þjónustukaupa samkvæmt lögum nr. 81/2019 er að leysa deilur utan dómstóla. Ef mál er þegar rekið fyrir dómi ber nefndinni, samkvæmt ummælum í frumvarpi við 3. gr. laganna, að vísa kvörtun frá efnislegrri meðferð af þeirri ástæðu að ágreiningurinn fellur utan gildissviðs laganna. Samkvæmt c. lið 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála getur kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa vísað kvörtun frá þegar ágreiningur er eða hefur verið til umfjöllunar dómstóla. Markmið frávísunar í slíkum tilvikum er að koma í veg fyrir að fjallað sé um sama ágreining á fleiri en einum vettvangi.

Varnaraðili hefur höfðað mál gegn sóknaraðila fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og krafist greiðslu þeirrar kröfu sem deilt er um í máli þessu. Stefna varnaraðila er dagsett þann 1. október 2020 og var birt sóknaraðila þann 6. október 2020. Kvörtun sóknaraðila barst kæruneftndinni 1. október 2020 og var kynnt varnaraðila þann 5. október 2020. Málið var þingfest þann 20. október 2020.

Það liggur fyrir að ágreiningur málsins er nú til meðferðar hjá dómstólum. Máli þessu er því vísað frá, sbr. og 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

III Úrskurðarorð

Kvörtun sóknaraðila, X, er vísað frá kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. a. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson